



Fréttabréf Árskógar skóla

Leik- og grunnskóli, Árskógi, Dalvíkurbyggð

55. tölublað 6. árgangur maí 2017 Ábyrgðarmaður: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson

námsAhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

Vissir þú að....

Meðgöngulengd
sauðfjár eru
yfirleitt um 143
dagar?

Lykilspurningar

Hvað vilt þú?

Hvernig get
ég hjálpað
þér?



Hvaða val hefur þú?

Hverju vilt
þú breyta?



Hvernig viltu að þér
líði?



Að hverju
stefnir þú?

Hvað vilt þú að gerist
næst?

Hvað er
mikilvægt
fyrir þig?



Ef þú gæti breytt ein-
hverju, hverju myndir
þú þá breyta?



Kæra skólasamfélag

Apríl var ansi fljótur að líða enda mikið af skemmtilegum uppbrotum í skólanum sem og páskafrí. Palli kom í skólann og myndaði alla stóra sem smáa. Mánuðurinn endaði svo skemmtilega þegar allir komu saman og héldu skólaping um grunnþátt menntunar, *sköpun*. Flott og skemmtileg vinna sem sýndi vel hvað eru skapandi og flott börn í skólanum okkar og faglegt starf unnið á hverjum degi með fjölbreyttan efnivið og ýmsar leiðir í leik og námi úti og inni.

Kveðja frá skólastjórnendum, Hjördís Jóna & Gunnþór Eyfjörð G.

Sveitaferð

Kötlukot stefnir á sveitaferð aðra vikuna í maí. Dagsetningin er ekki alveg komin á hreint ennþá en hún verður vel auglýst. Stefnt verður að hafa þetta eins og undanfarið og fara á Hámundastaði til Ellu okkar og skoða kindurnar hans Snorra. Mikilvægt er að allir hafi stígvél og pollaföt meðferðis þennan daginn. Foreldrar eru velkomnir að koma og hitta okkur en við getum ekki boðið þeim með í rútuför.



Uppsagnarfrestur

Til áminningar þá þarf ekki að segja upp fyrir börn sem eru á Kötlukoti og eru að byrja í 1. bekk í Árskógar skóla um haustið, ef þau hætta þegar sumarfrí hefst. Hins vegar ef börnin eiga að hætta á öðrum tíma gilda almennar uppsagnareglur. Uppsagnarfrestur er einn mánuður og skal uppsögn miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar. Sé þetta ekki gert þarf að greiða fyrir mánuðinn.



Foreldraviðtöl Kötlukots

Dagana 2.-4. maí eru foreldraviðtöl á Kötlukoti. Foreldrar mæta í viðtal til hópstjóra og farið verður yfir veturinn og stöðu barnsins. Viðtalstímarnir hanga á töflu fyrir framan Kötlukot.



Myndir frá sköpunarviku!

Í síðustu viku apríl unnu nemendur að fjölbreyttum skapandi verkefnum og sýndu afurðir sínar og sögðu frá þeim á skólaþingi þar sem foreldrum var sérstaklega boðið í heimsókn. Gefandi vinna og margt sem lærðist í ferlinu og afurðir áhugaverðar. Hér er brot af verkefnunum en fleiri myndir er að finna á heimasíðunni **[hér](#)**.



Hagnýtar upplýsingar

Árskógarskóli er opinn alla virka daga frá 8-16.

Aðalnúmer 460-4970, Kötlukot 460-4973,
skólastjóri 460-4971, eldhús 460-4979

[Skóladagatal 2016-2017](#) svo allt sé á hreinu!

Heimasíða skólans: <http://www.dalvikurbyggd.is/arskogarskoli/>

Við erum á facebook: <https://www.facebook.com/arskogarskoli/>

Netfang: arskogarskoli@dalvikurbyggd.is



námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKkur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

Viðburðadagatal maí 2017

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur
1 Verkalýðs- dagurinn Lokað	2 Foreldraviðtöl Kötlukot 	3 Foreldraviðtöl Kötlukot 	4 Foreldraviðtöl Kötlukot  Sigurlaug 3 ára 	5	6 Áróra 5 ára 	7
8	9	10	11	12	13	14
15 Námsmatsvika grunnskólastigs	16 Námsmatsvika grunnskólastigs	17 Námsmatsvika grunnskólastigs	18 Námsmatsvika grunnskólastigs	19 Námsmatsvika grunnskólastigs	20	21
22	23	24	25 Uppstigning- dagur Lokað	26 Matsmöppur heim 1.-4. bekk 	27	28
29	30	31	1. júní Skipulagsdagur grunnskólastigs Kötlukot opið	2. júní Skólaslit kl. 10 ⁰⁰ Kötlukot lokar 12 ⁰⁰		